

## Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurgreiðslu á tannlæknakostnaði barna og unglínga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu há var endurgreiðsla vegna tannlæknakostnaðar barna og unglínga á árunum 2003 og 2004, sundurliðað eftir þessum aldurshópum:
  - a. að 6 ára aldri,
  - b. 7–12 ára,
  - c. 13–17 ára?
2. Hver hefði endurgreiðslan orðið ef kostnaðurinn hefði verið að fullu endurgreiddur, sundurliðað á sama hátt?
3. Hversu mörg börn fengu endurgreiðslu á árunum 2003 og 2004 í hverjum aldurshópi og hvað er það hátt hlutfall barna í þessum aldurshópum?
4. Liggur fyrir rannsókn á tannheilsu barna og unglínga sem ráðherra boðaði að hrundið yrði af stað árið 2004?
5. Eru uppi áform hjá ráðherra um frekari endurgreiðslur á tannlæknakostnaði barna?

**Skriflegt svar óskast.**